

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. júlí 2013
Tilvísun: UST20130700145/bs


Mat á umhverfisáhrifum - Neskaupstaðalína 2, jarðstrengur frá Eskifirði til Neskaupstaðar. Umsögn


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 19. júlí sl. þar sem óskað er umsagna Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Gert er ráð fyrir að jarðstrengur ásamt ljósleiðara muni liggja samhliða Dalvegi í Eskifirði um Norðfjarðargöng yfir í Norðfjörð og þaðan meðfram nýjum Norðfjarðarvegi að tengivirki sunnan Neskaupstaðar. Áhrifasvæði framkvæmdarinnar verður sama og nýs Norðfjarðarvegar.

Hér er um að ræða framkvæmd sem að mestu leyti er staðsett við núverandi og nýja vegi. Umhverfisáhrif verða að líkindum óveruleg í samanburði við fyrirhugaða veglagningu og jarðgangagerð. Um samlegðaráhrif verður vart að ræða.

Að teknu tilliti tilofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson
sérfræðingur


Sigurður Ingason